



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**Á MORGUN MÁNUDAG KL. 11:00**  
**BLAÐAMANNAFUNDUR Í HLÍÐASKÓLA VIÐ HAMRAHLÍÐ**

**FORVARNARDAGURINN 2012**

**ENN JÁKVÆÐUR ÁRANGUR Í GRUNNSKÓLUM**  
**FRÁBÆR ÞÁTTTAKA FRAMHALDSSKÓLA**

Á morgun, mánudaginn 29. október 2012, verður kynningar- og blaðamannafundar um Forvarnardaginn í Hlíðaskóla við Hamrahlíð klukkan 11:00. Þessa kynningu sækja nokkrir nemendur og forsvarsmenn skólans og fulltrúar þeirra samtaka sem standa að Forvarnardeginum. Forvarnardagurinn verður haldinn í grunnskólum og framhaldsskólum landsins miðvikudaginn 31. október 2012.

Á kynningarfundinum verða auk þess Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Jón Gnarr borgarstjóri, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir forstjóri Actavis á Íslandi, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Helga G. Guðjónsdóttir formaður UMFÍ, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari og fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla og Jón Sigfússon frá Rannsóknunum og greiningu.

Forvarnardagurinn er nú haldinn í sjöunda sinn í grunnskólum landsins. Það var í fyrra sem framhaldsskólarnir komu fyrst til leiks og nú viku svo við að þeir hafa allir tilkynnt um þátttöku í ár.

Meginmarkmið Forvarnardagsins er að minna á hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis því hvert ár sem unglingar draga að byrja að neyta áfengis dregur verulega úr líkum á ofdrykkju og fíkniefnaneyslu síðarneir.

Rannsóknir sýna að ótrúlega góður árangur hefur náðst í baráttunni við áfengisnotkun unglunga á Íslandi á grunnskólastigi. Þetta má þakka mörgum samverkandi þáttum en enginn vafi er á því að vöxtur í skipulögðu tómsundastarfi gegnir þar lykilhlutverki. Með skipulögðu tómsundastarfi er átt við starfsemi íþróttafélaga, ungmennafélaga og skáta en einnig tónlistarnám og annað listastarf svo það helsta sé nefnt. Í þessum efnum gegna sveitarfélögin með sínum stuðningi mikilvægu hlutverki því þau gera mörgum kleift að taka þátt í frístundastarfi sem annars ættu erfitt með það af fjárhagsástæðum.

Ljóst er að æði mörg ungmenni hefja notkun áfengis og tóbaks eftir að grunnskóla sleppir og því er vert að gera átak í því að minna yngri nemendur framhaldsskóla á að vel er hægt að njóta lífsins og skemmta sér án áfengisvímu. Sá frábæri árangur sem náðst hefur í forvarnastarfi í grunnskólum ætti að einnig að geta náðst í framhaldsskólunum, að minnsta kosti hvað varðar fyrsta árs nema.

Á Forvarnardaginn fara fram, nú sem áður, umræður nemenda í skólunum um hugmyndir þeirra og tillögur varðandi nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eflt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda eru teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is). Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþrótt- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók ([www.facebook.com/forvarnardagur](https://www.facebook.com/forvarnardagur)).

Þess má geta að hver og einn framhaldsskóli fær upplýsingar um stöðu mála hjá sér út frá könnun sem Rannsóknir og greining hafa annast; nemendur og starfsmenn skólans sjá þá hvernig nemendahópurinn stendur í samanburði við aðra skóla og getur það vonandi orðið hverjum og einum tilefni til að hugleiða og rökræða hvaða lífsvenjur eru vænlegar til velfarnaðar í lífinu.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðstandendur Forvarnardagsins auk forsetaembættisins eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn er nú eins og áður skipulagður með myndarlegum stuðningi lyfjafyrirtækinu Actavis.

28. október 2012

*Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*

- *Staður:* Hlíðaskóli við Hamrahlíð (bókasafn).
- *Stund:* Mánudaginn 29. október kl. 11:00.